

LÖG

um breyting á lögum um lögreglumenn, nr. 56 29. maí 1972.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 4. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Lögreglumenn ríkisins, sbr. 1. mgr., mega hvorki gera verkfall né taka þátt í verkfallsboðun.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Helgason.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 53 30. maí 1984,
um Ríkismat sjávarafurða.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Ríkismat sjávarafurða heyrir undir sjávarútvegsráðherra og lýtur stjórn hans. Hlutverk stofnunarinnar er að stuðla að bættum hráefnis- og vörugæðum með því að hafa eftirlit með fiski sem veiddur er úr sjó til manneldis, svo og eftirlit með meðferð, flutningi, geymslu og vinnslu hans sem og útflutningi fiskafurða.

2. gr.

1. mgr. 10. gr. laganna falli niður.

3. gr.

1. mgr. 11. gr. laganna orðist svo:

Ferskfiskdeild skal hafa eftirlit með meðferð, löndun, geymslu og ástandi landaðs afla allt til þess að vinnsla hefist.

4. gr.

13. gr. laganna orðist svo:

Rísi ágreiningur milli fiskkaupenda og seljenda um gæðaflokkun fisks má leita úrskurðar Ríkismats sjávarafurða um þann ágreining.

Yfirfiskmatsmenn úrskurða um slíkan ágreining og greiðist kostnaður af slíku mati af fiskkaupendum og seljendum samkvæmt gjaldskrá Ríkismatsins.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1987.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Ásgrímsson.

L Ö G

**um breyting á lögum nr. 108/1985, um breyting á lögum nr. 59/1983,
um heilbrigðisþjónustu.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laga nr. 108/1985 orðist svo:

Í Reykjavíkurlæknishéraði og heilsugæsluumdæminu í Garðabæ skal frestur þessi standa til ársloka 1987.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ragnhildur Helgadóttir.